



## Viðtalstímar hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar

Flóttamenn geta pantað tíma í viðtal hjá ráðgjafa hjá Vinnumálastofnun til að fá aðstoð við að gera ferilskrá, sækja um störf og annað er lýtur að atvinnuleit. Atvinnurekendur eru með skráð störf hjá Vinnumálastofnun sem ráðgjafar miðla flóttafólki í. Hægt er að óska eftir viðtali á [flottamenn@vmst.is](mailto:flottamenn@vmst.is)

## Atvinnuleyfi

Flóttamenn frá Úkraínu þurfa að fá útgefið atvinnuleyfi til að mega starfa á Íslandi þar sem þeir fá útgefið dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Atvinnurekandi sem ætla að ráða flóttamann frá Úkraínu til starfa þarf því að sækja um atvinnuleyfi og fá leyfið samþykkt áður en starfsmaður má hefja störf.

## Nauðsynleg gögn með umsókn um nýtt atvinnuleyfi fyrir starfsmann frá Úkraínu:

1. **Frumrit af umsókn um tímabundið atvinnuleyfi vegna sérstakara ástæðna.**
2. Ráðningarsamningur milli útlending og atvinnurekanda.
3. Viðeigandi stéttarfélag þarf að veita umsögn vegna umsóknar (reitur IV. á umsóknareyðublaði) nema stéttarfélagið sé EFLING stéttarfélag. Í þeim tilvikum aflar stofnunin þeirrar umsagnar.
4. Umsögn er aflað með því að hafa samband við viðeigandi stéttarfélag og leggja þar fram umsókn um atvinnuleyfi og afrit af ráðningarsamningi.
5. Umsókn og ráðningarsamningur skulu undirrituð af bæði starfsmanni og atvinnurekanda.

## Hvert skal skila umsókn um atvinnuleyfi?

Umsókn skal skilað á næstu þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar eða til Útlendingastofnunar. Fari ráðning fram í gegnum þjónustu Vinnumálastofnunar er æskilegt að umsókn sé skilað þangað.

Nánari upplýsingar má nálgast [hér](#). (taka linkinn í burtu ef á að prenta)

## Íslensku- og samfélagsfræðslunámskeið

Ráðgjafar veita einnig upplýsingar um íslenskunámskeið og/eða námskeið í samfélagsfræðslu. Ef þú vilt skrá þig beint á námskeið í samfélagsfræðslu þá geturðu gert það á <https://www.landneminn.is/is/hafa-samband>

Flóttamenn á höfuðborgarsvæðinu geta skráð sig á íslenskunámskeið hjá einhverjum af neðangreindum skólum, skráning er beint hjá skólanum. Mikilvægt er að upplýsa skólann um að þú sért í þjónustu Vinnumálastofnunar sem flóttamaður.

Flóttamenn á landsbyggðinni geta setið fjarnámskeið eða skráð sig á námskeið hjá fræðslumiðstöð á sínu svæði í samráði við þjónustuskrifstofur svæðisins.

Ekki er gert ráð fyrir að flóttamenn borgi sjálfir fyrir námskeiðin.



**Múltíkúltí** Barónsstígur 3, 101 Reykjavík

<https://www.multimal.org>

**RETOR** Hlíðasmári 8, 201 Kópavogur

<https://retor.is>

**THE TIN CAN FACTORY** Borgartún 1, 105 Reykjavík

<https://thetincanfactory.eu/index.html>

**MÍMIR** Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

<https://www.mimir.is>

### **Interview appointments with the Directorate of Labour's consultants**

Refugees can make an appointment for an interview with a consultant at the Directorate of Labor to get help with making a CV, applying for a job and other things related to the job search. Employers have registered jobs with the Directorate of Labor in which counselors mediate to refugees. You can request an interview at [flottamenn@vmst.is](mailto:flottamenn@vmst.is)

### **Work permits**

Refugees from Ukraine need to be issued a work permit to be allowed to work in Iceland, as they are issued a residence permit on humanitarian grounds. An employer who intends to employ a refugee from Ukraine must therefore apply for a work permit and have the permit approved before an employee can start work.

### **Necessary documents with the application for a new work permit for an employee from Ukraine:**

1. **Original copy of the application** for a temporary work permit regarding special circumstances.
2. A contract of employment between the employee and employer.
3. The opinion of the relevant labour union should be obtained **before** it is submitted (section IV.on the application form) unless the labour union in question is Efling labour union. The DoL obtains reviews from Efling labour union directly.



4. The opinion is obtained by contacting the relevant trade union and submitting an application for a work permit and a copy of the employment contract.
5. The application and contract must be signed by both the foreign national and the employer.

### **Where should the application for a work permit be submitted?**

Applications must be submitted to the nearest service office of the Directorate of Labor or to the Directorate of Immigration. If employment takes place through the services of the Directorate of Labor, it is desirable that the application is submitted there.

More information can be found [here](#). (remove the link if printed)

### **Icelandic and community education courses**

Counselors also provide information on Icelandic language courses and / or courses in community education. If you want to enroll in a community education course, you can do so at <https://www.landneminn.is/is/hafa-samband>

Refugees in the capital area can register for an Icelandic course with one of the schools below, registration is directly with the school. It is important to inform the school that you are in service with the Directorate of Labour as a refugee.

Refugees in rural areas can attend distance learning courses or register for courses at an educational center in their area in consultation with the area's service offices.

Refugees are not expected to pay for the courses themselves.

#### **Selected school:**

**Múltíkúltí** Barónsstígur 3, 101 Reykjavík

<https://www.multimal.org>

**RETOR** Hlíðasmári 8, 201 Kópavogur

<https://retor.is>

**THE TIN CAN FACTORY** Borgartún 1, 105 Reykjavík

<https://thetincanfactory.eu/index.html>

**MÍMIR** Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

<https://www.mimir.is>